# AÐALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020




Staðfest aðalskipulag 5.9.2008

## Breyting á aðalskipulagi, Íbúðarsvæði í landi Halllands

### Greinargerð

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps leggur til að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Landnotkun 1,5 ha spildu úr landi Halllands, suð-vestan Veigastaðavegar (nr. 828) og norðan Vaðlabrekku, sem í gildandi aðalskipulagi er á landbúnaðarsvæði L2, sbr. kafla **4.3.3 Landbúnaðarsvæði í suðurhluta hreppsins L2 og L3** í greinargerð, er breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð í sveit, sbr. kafla **4.2.2 Íbúðarbyggð í sveitinni**. Svæðið fær einkennisnúmerið Íb 21 í greinargerð og á skipulagsuppdrætti. Uppbygging verður skv. deiliskipulagi.

Breytingin er í samræmi við ákvæði kafla 4.3.3., þar sem gert er ráð fyrir að aðalskipulagi sé breytt vegna nýrrar íbúðabyggðar og húsaþyrpinga.

### Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Eftirfarandi línu er bætt við töflu í kafla 4.4.2 Íbúðarbyggð í sveitinni.

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **Íb 21** | 1,5 (ha) | Í landi Halllands | Óbyggt | Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3. íb/ha. |

### Breyting á skipulagsuppdrætti

Merktur landnotkunarreitur Íb 21 suð-vestan Veigastaðavegar (nr. 828).

### Áhrifamat

Breytingin felur ekki í sér heimild til framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Breytt landnotkun á umræddri spildu er í góðu samræmi við þá byggð sem þegar er gert ráð fyrir á svæðinu í aðalskipulagi. Þannig liggur spildan að íbúðarsvæði Íb 14, Vaðlabrekku, og er í beinm tengslum við aðra íbúðarbyggð.

Áhrif breytinganna á hagsmuni annarra eru talin vera óveruleg, enda er byggð á spildunni ekki talin skerða útsýni, valda skuggavarpi eða öðru óhagræði gagnvart nágrönnum.

Breytingin óveruleg, raskar hvorki náttúru né menningarminjum. Engir skráðir minjastaðir eru á svæðinu, sem breytt er.

### Málsmeðferð

Tillaga um aðalskipulagsbreytingu þessa var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 8. nóvember 2011. Breytingin er óveruleg og gerð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.




Breytt aðalskipulag — · — Breyting Mkv.: 1:20.000

### SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis

LANDNOTKUN
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Landbúnaðarsvæði L1
- Landbúnaðarsvæði L2
- Landbúnaðarsvæði L3/4
- Íbúðarsvæði
- Frístundabyggð
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Efnistökusvæði
- Blönduð landnotkun
- Sjóvarnargarður
- Merking landnotkunarreita

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
- Hverfisverndarsvæði
- Vatnsverndarsvæði: Brunnsvæði, Grannsvæði, Fjarsvæði
- Fornminjar
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI
- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibraut
- Safngata, landsvegur
- Aðalgöngu- og hjólastígar
- Megin útivistarstígur
- Reiðleið

STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 17.02.2012. Breytingin er óveruleg og er gerð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010,

Svalbarðseyri 13.07.2012

[signature, stamp: SVEITARSTJÓRI Svalbarðsstrandarhrepps]
sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 15. okt. 2012

[signatures, stamp: SKIPULAGSSTOFNUN]

Auglýsing um gildistöku birtist íB-deild Stjórnartíðinda ______________.

**SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR**

**BREYTING Á AÐALSKIPULAGI**
**ÍBÚÐARSVÆÐI Í LANDI HALLLANDS**

| | |
|---|---|
| Verk: 12-101 | |
| Unnið af: áó | |
| Mælikvarði: A3, 1:20.000 | |
| Dagsetning: 6.2.2012 | |


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is
VEFFANG: www.teikna.is